# Barnaskóli Svalbarðsstrandar

1021/5

Saga skólahalds á Svalbarðsströnd nær aftur til ársins 1902. Frá því að fræðslulögin voru sett árið 1907 og fram til 1922 var rekinn farskóli. Árið 1922 var lokið við byggingu samkomuhúss hreppsins sem var nýtt sem skólahús á vetrum til ársins 1970.

1970 var skólahald flutt í nýtt skólahúsnæði en kennsla unglingastigs og íþróttakennsla fór fram á Hrafnagili í Eyjafirði og var nemendum ekið þangað daglega. Sundkennsla fór fram í sundlaug Svalbarðsstrandarhepps sem var byggð 1931.

Svalbarðsstrandarhreppur tók þátt í uppbyggingu skólahúsnæðis á Hrafnagili en mikill hugur var í heimamönnum um byggingu íþróttahúss í heimabyggð og að grunnskólakennsla sveitarinnar færi öll fram þar. Árið 1995 var flutt í nýtt skólahúsnæði og íþróttahús. Fékk nýi grunnskólinn nafnið Valsárskóli.

Stærsti hluti eldra húsnæðis var tekinn undir rekstur leiksskólans Álfaborgar. Árið 2004 var tekin í notkun 420 $m^2$ viðbygging við skólann og árið 2005 voru verkmenntastofur í gamla skólahúsnæðinu í leikskólanum endurgerðar ásamt skólaleikvelli með nýjum leiktækjum. Haustið 2008 var tekin í notkun sparkvöllur við skólann. Alls er skólahúsnæðið um 1715 $m^2$ og hluti þess er jafnframt nýttur sem félagsaðstaða sveitarfélagsins.

Skólaárið 2020-2021 voru 49 nemendur í skólanum og var kennt í 5 bekkjardeildum, þar sem samkennsla er milli árganga.

Þetta er eina afhendingin sem hefur borist frá Barnaskóla Svalbarðsstrandar, en gögn frá skólanum er að finna í afhendingum frá Svalbarðsströnd.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
6. október 2021

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|

# A-Barnaskóli Svalbarðsstrandar

## A-Barnaskóli Svalbarðsstrandar 1908 - 1991

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|
| A | 1 | 1 | 1933 - 1949 | Dagbækur-mætingakladdar |
| A | 2 | 1 | 1950 - 1965 | Dagbækur-mætingakladdar |
| A | 3 | 1 | 1968 - 1975 | Dagbækur-mætingakladdar |
| A | 4 | 1 | 1975 - 1980 | Dagbækur-mætingakladdar |
| A | 5 | 1 | 1980 - 1985 | Dagbækur-mætingakladdar |
| A | 6 | 1 | 1986 - 1991 | Dagbækur-mætingakladdar |
| A | 7 | 1 | 1977 - 1978 | Bréf, send og móttekin: bréf til foreldra, bréf til stundakennara, bréf v/leikskóla |
| A | 7 | 2 | 1935 - 1987 | Skýrslur um barnafræðslu, skýrslur um sundkennslu, skýrslur um skólahald, nemendaskrár |
| A | 7 | 3 | 1921 - 1968 | Skýrslubók 1921-1956 (námsárangur, próf, fullnaðarprófskírteini), skýrsla um fullnaðarpróf 1968 |
| A | 7 | 4 | 1950 - 1955 | Skólablaðið (heilt?) |
| A | 8 | 1 | 1975 - 1976 | Prófbók |
| A | 8 | 2 | 1974 - 1976 | Ferðasjóður-sjóðbók |
| A | 8 | 3 | 1977 - 1978 | Umsagnabækur |
| A | 8 | 4 | 1930 - 1935 | Dagbók Barnaskóla Svalbarðsstrandar |
| A | 8 | 5 | 1976 - 1977 | Dagbók Svalbarðsstrandarskóla |
| A | 8 | 6 | 1962 - 1962 | Bókaskrár |
| A | 9 | 1 | 1908 - 1943 | Fundagerða- og reikningabók fræðsluráðs Svalbarðsstrandahrepps |
| A | 9 | 2 | 1935 - 1959 | Reikningar Menningarsjóðs Barnaskóla Svalbarðsstrandar |